

Efnahags- og skattanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði, 30. mál.**

Frumvarp sem hér um ræðir fjallar um að lífeyrissjóðum sé heimilt að eiga og reka íbúðarhúsnæði og því eru lagðar til í frumvarpinu nokkrar breytingar á 36. grein laganna sem fjallar um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna.

Ljóst er að lífeyrissjóðum er í dag heimilt að fjárfesta með óbeinum hætti í fasteignum, þ.e.a.s. gegnum verðbréfasjóði og eignarhlut í hlutafélögum, sem hafa það megin markmið að eiga og reka fasteignir. Víða erlendis eru fjárfestingar í fasteignum nokkuð veigamikill þáttur í eignasöfnum lífeyrissjóða. Eðlilegt er að tekið verði til skoðunar, hvort auka eigi heimildir lífeyrissjóða hér á landi til fasteignakaupa og ef svo er með hvaða hætti.

Hvað varðar umrætt frumvarp þá nær heimildin aðeins til beinna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði. Landssamtök lífeyrissjóða telja eðlilegra að slíkar heimildir nái einnig til annarra fasteigna, s.s. til beinna fjárfestinga í atvinnuhúsnæði. Tekið er undir það sjónarmið í greinargerð frumvarpsins að fjárfesting í fasteignum sé góð langtíma-fjárfesting og ætti því að samrýmast vel fjárfestingastefnu sjóðanna. Í núgildandi lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 er í sjálfu sér ekkert sem bannar að lífeyrissjóðir kaupi t.a.m. hlutabréf í félögum sem sérhæfa sig að eiga og reka íbúðarhúsnæði. Landssamtök lífeyrissjóða telja vænlegra að eignast hlut í slíkum félögum frekar en að einstakir lífeyrissjóðir taki að sér útleigu og rekstur íbúðarhúsnæðis.

Að lokum skal tekið fram að lífeyrissjóðirnir hafa á umliðnum árum og áratugum fjárfest í skuldabréfum Íbúðalánasjóðs og m.a. veitt lán fyrir tilstuðlan sjóðsins til bygginga leiguíbúða, t.a.m. hjá Húsnæðissamvinnufélaginu Búseta.

Virðingarfyllst,  
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

